

Laugardaginn 28. maí 1994.

Nr. 249/1994.

Hrafnhildur Valdimarsdóttir

(Haraldur Blöndal hrl.)

gegn

borgarstjóranum í Reykjavík

(Magnús Óskarsson hrl.)

Kosningaréttur. Kjörskrá.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Hrafn Bragason, Garðar Gíslason og Haraldur Henrysson.

Áfrýjandi skaut máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 27. maí 1994 og krefst þess, að viðurkenndur verði réttur hennar til að vera á kjörskrá í Reykjavík við borgarstjórnarkosningarnar, sem fram fara í dag.

Stefndi hefur sótt þing og lýst því yfir, að hann hreyfi engum andmælum við kröfu og málatilbúnaði áfrýjanda.

Áfrýjandi hefur ekki, sbr. 4. mgr. 19. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 8/1986, sbr. lög nr. 19/1994, snúið sér til skráningaryfirvalda með ósk um leiðréttingu á tilkynningu eiginmanns hennar um flutning þeirra til Hveragerðis. Þá hefur hún fyrir héraðsdómi lýst því yfir, að þau hafi ekki slitið samvistir. Að þessu athuguðu ber að staðfesta hinn áfrýjaða dóm.

D ó m s o r ð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Dómur Héraðsdóms Reykjavíkur 27. maí 1994.

Mál þetta, sem dómtekið var 26. maí 1994, hefur Hrafnhildur Valdimarsdóttir, kt. 221141-4909, höfðað gegn borgarstjóranum í Reykjavík f.h. borgarstjórnar Reykjavíkur til þess að fá viðurkenndan rétt sinn til þess að vera á kjörskrá í Reykjavík við sveitarstjórnarkosningarnar, sem fram eiga að fara þann 28. maí nk.

Ekki er krafist málskostnaðar.

Stefnandi lýsir málavöxtum þannig, að við samningu kjörskrár fyrir Reykjavík hafi nafn stefnanda fallið niður, þar sem hún sé talin eiga lögheimili í Hveragerði. Ástæða þess sé sú, að eiginmaður stefnanda hafi fært

heimilisfang hennar, án hennar samþykkis, til Hveragerðis með tilkynningu til Hagstofu þann 22. apríl 1994. Stefnanda hafi verið ókunnugt um þennan flutning og ekki fengið vitneskju um hann fyrr en eftir að kærufrestur var úti. Kæra skv. 20. gr. laga nr. 80/1987 hafi því ekki verið möguleg.

Rök stefnanda eru að lögheimili hennar verði ekki flutt án hennar samþykkis og skipti engu, þótt eiginmaður hennar hafi flutt sitt heimilisfang. Jafnræði sé með hjónum að íslenskum lögum og þurfi atbeina beggja til þess að flytja heimilisfang þeirra. Er málsóknin jafnframt byggð á 24. gr. laga nr. 80/1987.

Af hálfu stefnda var sótt þing, þingfesting málsins samþykkt og engum andmælum hreyft við kröfugerð og málatilbúnaði stefnanda.

Lagt hefur verið fram í málinu vottorð Hagstofu Íslands og flutningsvottorð.

Niðurstaða.

Samkvæmt 4. mgr. 19. gr. laga nr. 8/1986, sbr. lög nr. 19/1994 um breyting á þeim lögum, á hver maður kosningarrétt í því sveitarfélagi, þar sem hann er skráður með lögheimili samkvæmt íbúaskrá þjóðskrár fimm vikum fyrir kjördag í maí í almennum sveitarstjórnarkosningum, hvort sem þær fara fram í maí eða júní.

Svo sem fram kemur í greinargerð með frumvarpi til síðargreindra laga hefur kosningarréttarákvæðum sveitarstjórnarlaga verið breytt til samræmis við ákvæði alþingiskosningalaga. Kosningarréttur manna er ekki lengur tengdur við lögheimili þeirra heldur þess í stað bundinn við skráð lögheimili samkvæmt íbúaskrá þjóðskrár.

Fyrir liggur samkvæmt gögnum málsins að eiginmaður stefnanda tilkynnti um flutning þeirra hjóna til Hveragerðis í apríl sl., og samkvæmt fram lögðu búsetuvottorði Hagstofu Íslands var skráð lögheimili stefnanda í Hveragerði hinn 23. apríl sl. er fimm vikur voru til kjördags. Þá verður ekki séð, að stefnandi hafi haft forföll, sem komið hafi í veg fyrir kærufrestur sveitarstjórnar, áður en kærufrestur rann út, sbr. ákvæði 24. gr. laga nr. 80/1987. Ber því að hafna kröfu stefnanda í málinu enda þótt kröfu hennar hafi ekki verið mótmælt af hálfu stefnda.

Eggert Óskarsson héraðsdómari kvað upp dóm þennan.

D ó m s o r ð:

Stefndi, borgarstjóri Reykjavíkur, skal vera sýkn af kröfu stefnanda, Hrafnhildar Valdimarsdóttur, í máli þessu.